

Erindisbréf Starfshópur um grænkun Valla

Hlutverk:

Umhverfis og framkvæmdaráð samþykkir að stofnaður verði samráðshópur til að forgangsraða verkefnum um grænkun Valla.

Starfshópurinn hafi það hlutverk að skoða skipulag og gera áætlun til þriggja ára um grænkun og umhverfisumbætur á Völlum.

Síðustu ár hefur margt verið gert til að bæta græn svæði á Völlum og gera hverfið vistlegra. Með áætlun til þriggja ára skapast nægur tími til að vinna verkefnið í góðu samráði og samstarfi við íbúa.

Fara þarf í heildarskoðun á skipulaginu, með það að markmiði að fjölga grænum svæðum og mýkja ásýnd hverfisins, með aðkomu landslagsarkitekts. Við vinnu fagaðila verði Umhverfis- og auðlindastefna og Trjáræktarstefna Hafnarfjarðar hafðar til hliðsjónar. Fyrsta skref verði að búa til heildaryfirlit yfir þau verkefni sem til greina koma.

Þegar niðurstaða hefur náðst um þau þarf að forgangsraða og síðan að útbúa kostnaðaráætlun fyrir verkefnið í heild sinni.

Skipan hópsins:

Starfshópurinn skipa fimm fulltrúar, fulltrúar verði þrír frá meirihluta og tveir frá minnihluta ásamt tveim fulltrúum frá íbúasamtökum Valla.

Starfsmenn hópsins eru:

Helga Stefánsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Ishmael David frá umhverfis- og skipulagssviði og aðrir starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar eftir þörfum.

Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið samþykkt af umhverfis- og framkvæmdarráði og skipað hefur verið í starfshópinum. Hópurinn starfar í umboði umhverfis- og framkvæmdarráðs.

Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi að hámarki 6 sinnum. Áætlaður kostnaður er um rúmar 800.000 kr.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir umhverfis- og framkvæmdarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis umhverfis- og framkvæmdarráðs, fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Samráðshópur skili tillögu til úrvinnslu eftir 6 - 8 vikur.

Samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdarráðs.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku